



3. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 22. SEPT. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

C. Önnur bréf

Beiðni frá síðasta fundi um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs samþykkt.

Beiðni frá síðasta fundi um undanþágu frá íþróttum til stúdentsprófs hafnað.

Tillaga að breytingum á skólareglum sem lögð var fram til skoðunar á síðasta fundi samþykkt frá og með 22. sept. 2021.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Stefnt er á að halda ball í næstu viku ef skemmtanaleyfi fæst í tæka tíð. Miklvægt að allt sé á hreinu varðandi skilyrði um innan við 48 tíma gamalt Covid hraðpróf. Rætt var um ferð með nemendur fædda 2004 þar sem þau fengu ekki nýnemaferð á síðasta ári.

3. Önnur mál

Staðsetning borðtennisborðs rædd og samþykkt að finna því nýjan stað sem hentar betur.

Fundinn sátu:

Auður sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Kjartan Leifur Sigurðsson, fulltrú NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrú NFFG

Sigrún Fjóra Hilmaradóttir, kennari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari